

Reykjanesbær
Guðlaugur H. Sigurjónsson,
framkvæmdastjóri
Tjarnargötu 12
230 Keflavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. apríl 2013
Tilvísun: UST20130300019/bs

Deiliskipulag - Tengivirki á Njarðvíkurheiði. Umsögn


Vísað er til bréfs Reykjanesbæjar dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisskýrslu ofangreinds deiliskipulags.


Umhverfisstofnun tekur undir þá greiningu á umhverfisáhrifum sem fram koma í umhverfisskýrslu. Stofnunin vill sérstaklega benda á umhverfisþættina vatnsvernd og landslag.

Umhverfisstofnun vill benda á að meðferð og geymsla olíu við fyrirhugaða tengivirki verði í samræmi við reglugerð nr. 533/2001 um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Varðandi áhrif á landslag vill stofnunin benda á að tengivirkið verður staðsett nærri afgirtu öryggis og vallarsvæði svo nefnt Pattersonsvæði þar sem ýmis mannvirki setja nú svip á umhverfið. Neikvæð sjónræn áhrif ættu því ekki að vera mikil umfram þau áhrif sem þegar eru fram komin.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdir skv. umræddu deiliskipulagi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur